

Ed.

307. Breytingartillögur

[30. mál]

við frv. til l. um iðnaðarmálastjóra og framleiðsluráð.

Frá Steingrími Aðalsteinssyni.

1. Við 5. gr.
 - a. Á eftir orðinu „vinnuafli“ í tölul. 2, a-lið, komi: gjaldeyri.
 - b. Á eftir c-lið í tölulið 2 komi nýr liður (d.), svo hljóðandi:
að iðnaðurinn sé rekinn með fullum afköstum, þannig að vélakostur og vinnuafli nýtist sem bezt.
 - c. Við 6. tölul. bætist: og greiða fyrir því, að iðnaðurinn fái flutt inn þau hráefni, sem hagkvæmt er, að hann vinni úr.
 - d. 8. töluliður falli niður.
2. Við 7. gr. Greinin orðist svo:

Til þess að fá heildaryfirlit um iðnaðarmálin í landinu lætur iðnaðarmálastjóri gefa út árlega skýrslu, m. a. um eftirtalin atriði:

 - a. Skrásetningu allra iðnfyrirtækja í landinu.
 - b. Hversu margt fólk starfar við fyrirtækin og hve mikinn hluta ársins.
 - c. Hversu miklum afköstum sé hægt að ná við hvert fyrirtæki, miðað við fyllstu hagnýtingu vélakosts og að unnið sé á vöktum. Hversu margt verkafólk þá þyrfti, hversu mikið hráefni og hver verða mundi verðmætisaukning framleiðslunnar.
 - d. Hve vinnulaunagreiðsla er mikil.
 - e. Tegund og magn framleiðslu.
 - f. Úr hvaða efnum er unnið og hvaða meðferð þau hafa fengið.
 - g. Hve mikill hráefnakostnaðurinn og hráefnaþörfin er og hvernig kostnaðurinn skiptist í erlendan og innlendan gjaldeyri.
 - h. Hve mikill innflutningstollur er á efni, sem notað er til framleiðslunnar.
 - i. Hve mikill framleiðslutollur er greiddur.
 - j. Hve mikill útflutningstollur er greiddur, ef varan er flutt úr landi.
 - k. Hvert sé verðlag vörunnar, þegar hún hefur verið fullunnin, og hvernig það er samanborið við verðlag á sams konar innfluttum vörum.
 - l. Hve mikill gjaldeyris sparast við framleiðslu vörunnar fyrir innlendan markað og hve miklum erlendum gjaldeyri varan skilar í útflutningi.